

Minnisblað

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Alþingishúsið við Austurvöll
101 Reykjavík
nefndasvid@nefndasvid.is

Reykjavík, 27. febrúar 2024
Tilvísun: OS2023120052
Skjalnr: 413195

Efni: Minnisblað til atvinnuveganefndar um endursöluleið á samningsbundinni orku frá stórnotendum inn á heildsölumarkað raforku

Eitt einkenni íslenska raforkumarkaðarins er að stór hluti raforku sem framleidd er hér á landi er bundin í langtímasamningum stórnotenda við orkufyrirtæki. Um er að ræða samningsforsendur sem tryggja ákveðið hagræði beggja aðila þegar kemur að vinnslu raforku og flutningi- og afhendingu orku. Raforkunotkunin er afar stöðug til lengri tíma litið og tryggir ákveðinn fyrirsjáanleika í orkukerfinu og dregur úr rekstraróvissu orkuframleiðenda, sem er afar mikilvægt í lokuðu raforkukerfi. Um er að ræða svokölluð kaupskylduákvæði sem er á bilinu 70 – 95 % sem fela í sér að kaupendur skuldbinda sig að borga fyrir ákveðið hlutfall raforku sem samið er um, hvort sem hún er fullnýtt eða ekki. Landsvirkjun skuldbindur sig þannig á móti til þess að kaupa til baka 5 – 30 % af orkumagninu árlega á samningsverði. Jafnframt eru til staðar ákvæði í raforkusamningum við stórnotendur sem takmarka endursölu á raforkunni.

Í umsögnum margra hagsmunaaðila um frumvarp sem lagt var fram um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 á 154. lögjafarþingi – 541. mál komu fram fjölmargar ábendingar um mikilvægi þess að taka endursölubann þetta til endurskoðunar sem og ákvæði um kaupskyldu. Það myndi leiða til þess að staða samningsaðila yrði jafnari og heimild væri til staðar fyrir frekari ráðstöfun á umsamdriorku með afhendingu inn á heildsölumarkaðinn þegar svigrúm til slíks kynni að skapast.

Landsvirkjun hóf viðræður við sína viðskiptavini (stórnotendur) um að LV endurkeypti orku frá þeim. Slík endurkaup eru síðasta og dýrasta úrræði Landsvirkjunar til að verjast lágri stöðu miðlunarforðans. Takmarkaður áhugi var á þessu en eingöngu tvö fyrirtæki töldu sér fært að selja fyrirtækinu orku, magnið var takmarkað og á mjög háu verði, margfalt heildsöluverð Landsvirkjunar eða á um \$250-350/MWst, háð tíma og magni, og byggði sú verðlagning á framlegðartapi við þeirra framleiðslu eða á kostnaði við keyrslu á varaafli. Af þeim sökum varð ekki af neinum viðskiptum á þessum forsendum. LV nýtti sér þó samningsbundin endurkaup á forgangsortku af Elkem en þau eru verðlögð í raforkusamningum á milli félaganna.

Öll fyrirtækin eru að nýta raforkusamninga sína vel og umfram þá kaupskyldu, þó innan samningsmarka, sem kveðið er á um í samningum þeirra en Landsvirkjun hefur kallað eftir því að þau skoði svigrúm til að nýta minni orku á næstunni vegna erfiðrar stöðu raforkukerfisins sem enn hefur þyngst með náttúruhamförunum á Reykjanesi. Landsvirkjun hefur nú ákveðið að falla frá endursölubanni í sínum samningum. Þetta gerir það að verkum að viðskiptavinir fyrirtækisins geta selt öðrum aðilum orkuna sem þeir hafa tryggt sér í samningum. Eina skilyrðið er að LV sé upplýst um magn viðskipta, en það þarf til að tryggja rétt bókhald varðandi jöfnunarábyrgð aðila á markaði.



Ólíklegt verður að teljast að þetta skili mikilli, orku inn á kerfið í vor í ljósi áhugaleysis stórnotenda sem skýrist væntanlega af háu verði á áli og þeirra samninga sem stórnotendur eru bundnir af varðandi afhendingu sinna afurða. Landsvirkjun hefur þó stigið skref í þá átt að tjarlægja samningshindranir svo hægt sé að selja orku tilbaka inn á markaðinn. Hafa ber í huga að aðeins eitt fyrirtæki af þessum er með raforkusöluleyfi og það er því eingöngu það fyrirtæki sem getur selt sína raforku annað en til síns sölufyrirtækis. Hin geta þó selt í gegnum Landsvirkjun og hefur einn viðskiptavinur nýtt sér umræddan möguleika og boðist til þess að draga úr notkun upp á 12 GWst á 2 mánaða tímabili. Umrædd orka er seld til sölufyrirtækis í sama landshluta og þarf Landsvirkjun í því tilvika að hafa milligöngu um söluna þar sem viðkomandi stórnotandi hefur ekki raforkusöluleyfi og er í jöfnunarhring Landsvirkjunar. Að auki þarf Landsvirkjun að jafna álagið til þess að það henti heildsöluviðskiptavininum.

Staðan undirstrikar mikilvægi þess að afgreiða frumvarp um raforkuöryggi á þessu löggjafarþingi en eins og kom fram í greiningum Orkustofnunar, sem byggja á ítarlegum gögnum frá öllum aðilum markaði, og stofnunin setti fram og nýtti í svör er afhent voru nefndinni dags. 16. janúar 2024. Í dag er staðan á markaði þröng og fyrirséð að hún verði að öllu óbreyttu verri á næsta ári. Stofnunin er fús til að funda með nefndinni ef þörf er á um þessa þætti.

Virðingarfyllt,
f.h. Orkustofnunar

Halla Hrund Logadóttir
Orkumálastjóri
Ráfræn undirskrift hér að neðan

Hanna Björg Konráðsdóttir
Deildarstjóri raforkueftirlits
Ráfræn undirskrift hér að neðan